

um breyting á og viðauka við lög nr. 117/1950, um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laga nr. 117/1950 verði svo hljóðandi:

Frá 1. febrúar 1951 skulu laun ekki taka breytingum frá því, sem greitt var í janúar þ. á., nema svo verði ákveðið í kjarasamningum gerðum eftir þann tíma. Greiða skal verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna árið 1951, er miðuð séu við kaupgjaldsvísitölu 123.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laga nr. 22/1950 komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði gildandi laga um verðlagningu landbúnaðarafurða skulu haldast. Hækka má á verðlagsárinu verð landbúnaðarafurða sem nemur hækkun á dreifingar- og vinnslukostnaði á sama hátt og verið hefur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir:

Þegar lög nr. 117/1950 voru sett nú í desember, var tilætlunin sú, að kaupgjald breyttist ekki fyrir tilhlutun löggjafarvaldsins frá því, sem verða mundi í janúar 1951, og að breytingar eftir þann tíma gætu aðeins orðið að undangengnum nýjum samningum milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda. Þetta var hinn almenni skilningur á lögnum, enda viðurkenndur af andstæðingum þeirra. Nú hefur hins vegar komið fram ágreiningur milli verkalýðssamtaka og atvinnurekenda um skilning á gildandi lögum varðandi launagreiðslur, þar sem verkalýðssamtökin krefjast, að laun séu greidd samkvæmt þeirri meginreglu, sem gildi fyrir setningu dýrtíðarlaganna í árslok 1947, en sú regla getur vitanlega ekki átt við nú, eftir að öllum launaútreikningi hefur tvisvar verið gerbreytt með löggjöf, þ. e. með dýrtíðarlögum frá 1947 og gengisskráningarlögum frá 1950.

Ríkisstjórnin telur lagaákvæðin frá því í desember að visu ótvíræð um þetta efni, en þar sem það getur valdið ófyrirsjáanlegu tjóni, að í efa sé dregið, hver skilningur þessa ákvæðis sé réttur, þykir ríkisstjórninni brýna nauðsyn bera til að taka allan vafa af um það.

Um hækkun launa almennt vegna hækkunar verðlagsins er það að segja, að stafi hækkunin á verðlaginu af hækkun innfluttrar vöru, án þess að tilsvarendi hækkun verði erlendis á verði útfluttrar vöru, þá er enginn efnahagslegur grundvöllur fyrir almennri hækkun launa. Hækki t. d. kaffi í verði, þá þýðir það, að þjóðin fær minna en áður í skiptum fyrir útfluttar vörur. Þjóðartekjurnar minnka. Þessa minnkun þjóðarteknanna getur þjóðin ekki bætt sér á þann hátt, að menn greiði hver öðrum hærri laun. Slíkt eykur peningamagnið, en ekki raunverulegar tekjur, þar sem hin raunverulegu verðmæti, sem þjóðin aflar, hafa minnkað. Afleiðingin verður aukin dýrtíð, sem menn hyggjast enn bæta sér með herra kaup. Þessi aðferð felur ekki í sér lausn hins raunverulega vandamáls og bætir ekki kjörin. Það liggur í augum uppi, að fyrirkomulag, sem er þannig, að kaupgjald og peningatekjur hækka vegna þess að raunverulegar þjóðartekjur minnka, hlýtur að leiða til stórauðinnar dýrtíðar og þeirra vandræða, sem henni fylgja. Sú aðferð er því engum í hag. Sífelld dýrtíð og sífelld gildisrýrnun peninganna grefur smám saman undan sparifjármýndun landsmanna og þar með verklegum framkvæmdum og framförum og leiðir til atvinnuleysis.

Verðlag á höfuð-útflutningsafurðum landsmanna þolir ekki herra kaupgjald að svo stöddu.

Þrátt fyrir þessar augljósu staðreyndir felur þetta frumvarp í sér einungis staðfestingu á því, að hækkun kaupgjalds geti því aðeins átt sér stað, að nýir samningar séu um það gerðir, og takmarkar ekki rétt manna að öðru leyti. Frumvarpið tekur ekki til neinna umsaminnna breytinga á grunnkjörum verkamanna, t. d. aldursuppbóta, greiðslna af afla o. s. frv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins heldur því fram, að samkvæmt gengislækkunarlögnum sé heimilt að verðleggja landbúnaðarafurðir eftir öðrum reglum en gilt hafa samkvæmt ákvæðum laganna um verðlagningu landbúnaðarafurða, og mundu þær reglur leiða til aukinnar hækkunar á verðlagi landbúnaðarafurða nú þegar. Ríkisstjórnin telur að visu, að þessi skilningur fái ekki staðizt, en til þess að taka af allan vafa, einnig um þetta atriði, er lagt til, að ákvæði 2. greinar séu lögfest.